## Hvers vegna ofsótt?

- Kínversku ríkisstjórninni fannst sér ógnað, þegar tala Falun Gong iðkenda í Kína fór yfir 70 milljónir. Það er fleira fólk en tilheyrir kínverska kommúnistaflokknum.
- Falun Gong eru ekki skipuleg samtök. Í því er hvorki félagsaðild né stigveldi fólks.
- Falun Gong er hvorki hægt að ráða yfir, kúga, spilla, múta né hagnast á.

Ofangreind atriði eru raunveruleg ógn hinum spilltu og eiginhagsmunaglöðu kínversku alræðisstjórnendum. Ekki síst eftir að 10.000 Falun Gong iðkendur í Kína komu saman hvaðanæva frá með friðsamlega beiðni um skilning stjórnvalda.

Hvergi hefur verið minnst á eitt einasta tilfelli þar sem iðkandi Falun Gong hefur beitt ofbeldi, eða svarað í sömu mynt ef hann hefur orðið fyrir ofbeldi af hálfu annarra.

Í flestum ríkjum heims er hugmynda- og skoðanafrelsi talið sjálfsögð réttindi fólks.
Í Kína er það glæpsamlegt.

**Október 2000. James Harding, Financial Times, vitnar í skýrslu breskrar utanríkismálanefndar sem fjallar um málefni Kína:**
,,Ofsóknir Kínverja á hendur þeim sem iðka Falun Gong hafa afhjúpað með óyggjandi hætti annars vegar ótta kínverskra stjórnvalda og hins vegar hvernig þau hika ekki við að beita óbreytta borgara valdi til þess að bæla niður og stöðva alla viðleitni kínversks fólks til þess að koma saman, ef það er ekki beinlínis skipulagt af stjórnvöldum."

**Október 2000. Skýrsla breskrar utanríkismálanefndar um málefni Kína:**
,,Í sérhverju ríki þar sem mannréttindi fólks væru raunverulega virt myndi iðkun Falun Gong ekki draga að sér sérstaka athygli stjórnvalda."

## Hvernig getur þú hjálpað?

Með því að:

- Hafa samband við valdhafa, opinbera embættismenn, mannréttindasamtök og fjölmiðla.
- Skrifa undir formlega beiðni á netinu á www.helpfalungong.net
- Auka meðvitund fólks – segja öðrum frá ofsóknunum.
- Fá nýjustu upplýsingar á www.clearharmony.net
- Taka þátt í ,,Friends of Falun Gong" mannréttindasamtökum sem eru ekki rekin á hagnaðarskyni. Póstfang: **PO Box 1002, London SE23 3QJ eða** www.fofg.org
- Hafa samband við Kínverskt sendiráð

**Worldwide Contacts (updated May 2002)**

| | | |
|---|---|---|
| | **Europa** | |
| **Austria** | Yong | (43) 1-748 9666 |
| **Belgium** | Nicolas | (32) 479-875 734 |
| **Czech** | Veronika | (420) 316-572 832 |
| **Denmark** | Lingnan | (45) 3965 2788 |
| **Finland** | Hannu | (358) 41458 2627 |
| **France** | Ming | (33) 1-4570 8852 |
| **Germany** | Peter Recknagel | (49) 06171 982516 |
| **Greece** | Vasilios | (30) 97-357 9932 (M) |
| **Hungary** | Yuanyuan | (36) 30-234 2505 |
| **Ireland** | Dai | (353) 87-959 6370 (M) |
| **Iceland** | Thordis | (345) 693-4376 |
| **Italy** | Alfredo | (39) 015-355 405 (H) |
| **Latvia** | Andrei | (371) 7-323 218 |
| **Netherlands** | Youcai | (31) 15-251 0910 |
| **Norway** | Hong | (47) 2218 3417 |
| **Portugal** | Yameng | (351) 21-7150 493 |
| **Romania** | Dana | (40) 09-317 7026 |
| **Russia** | Vania | (7) 095-147 3252 |
| **Slovakia** | Peter Sedik | (421) 903-131 564 (M) |
| **Spain** | Jie | (34) 61-676 1395 (M) |
| **Sweden** | Lei | (46) 31-198 440 |
| **Switzerland** | Lam | (41) 031-941 2406 |
| **UK** | Xia | (44) 020-7794 8479 |
| **Ukraina** | Sergey | (380) 44-532 5734 |
| | **Oceania** | |
| **Australia** | Wen | (61) 0416 233 839 |
| **New Zealand** | Jonathan | (64) 9-8208699 |
| | **Asia** | |
| **Hong Kong** | Kan Hung Cheung | (852) 9876-3530 |
| **India** | Satish (Bangalore) | (91) 98-4411 7616 |
| **Indonesia** | Liman | (62) 21-540 4342 |
| **Israel** | Cheng Zuo | (972) 056-301 117 |
| **Japan** | Tsuruzono | (81) 03-3857-1141 |
| **Korea** | Hong-dae | (82) 53-791 5581-3 |
| **Singapore** | William | (65) 9670 3776 |
| **Taiwan** | Chun-Mei | (886) 2-2871 6143 |
| **Thailand** | Nopphdol | (66) 1-443 4663 |
| | **America** | |
| **Canada** | John | (1) 416-361 5939 |
| **U.S.A** | Cheryl | (518) 464-1656 |

# FALUN DAFA

## (Falun Gong)

法輪大法



**Ævaforn aðferð til**

**andlegs þroska**

**og styrktar**

**huga og líkama**

- Dregur úr streitu og kvíða
- Eykur orku og lífsþrótt
- Stóreflir líkamlega heilsu
- Stuðlar að andlegum þroska og visku
- Milljónir í yfir 50 löndum hafa notið góðs af

眞 善 忍

Sannleiksiðkun - Samkennd – Umburðarlyndi

www.falundafa.org

Allt starf Falun Gong er án endurgjalds

## Hvað er Falun Gong?

- **Falun Gong**, einnig þekkt undir nafninu **Falun Dafa**, er ævaforn iðkun sem byggir upp líkama, huga og anda.
- Fyrst kynnt opinberlega árið 1992 af Mr. Li Hongzhi. Fjöldi þeirra sem ástunda Falun Gong hefur frá þeim tíma náð u.þ.b. 100 milljónum í yfir 50 þjóðlöndum um gjörvallan heim.
- Æfingakerfið felur í sér fimm mjúkar æfingar sem auðvelt er að læra.
- Falun Gong hefur fengið fjöldamargar viðurkenningar og verðlaun víða um heim, þar á meðal nokkur í Kína áður en ofsóknirnar hófust. Mr. Li hefur tvisvar verið tilnefndur til friðarverðlauna Nóbels.

Þeir sem hafa lagt stund á æfingarnar hafa greint frá afar góðum áhrifum á líkama og huga, auk dýpri andlegrar meðvitundar. Iðkunin hefur almenn jákvæð áhrif á heilsu, mýkir skapgerð og eykur viðnám gegn hverskyns streitu.

*„Ég hafði kennt Taichi og lært margvísleg Qigong æfingakerfi í yfir 40 ár þegar ég fór að kynna mér Falun Gong. Núna ráðlegg ég ÖLLUM nemendum mínum að stunda Falun Gong.”*

**Mr. Da Liu, 95, sem fyrstur kynnti Taichi æfingakerfið í Bandríkjunum og hefur skrifað fjölmargar bækur um heilsu og langlífi.**

### Þroskaleiðin (að styrkja hug og líkama)

Falun Dafa iðkunin miðar að því að þroska innri gerð eða innra hugarástand manneskjunnar. Slík þroskaviðleitni felur í sér marga þætti, meðal annars þá að láta af neikvæðri hegðun, láta sig minna varða persónuleg áföll eða ávinninga, sleppa tökunum af óheilsusamlegum lifnaðarháttum og tileinka sér grundvallaratriðin: Sannleiksiðkun, samkennd og umburðarlyndi.

**Sannleiksiðkun**, sannleikur, vera sannur/sönn

**Samkennd**, kærleikur, góðvild

**Umburðarlyndi**, þolinmæði, úthald

Þessi grundvallaratriði eru grunnur Falun Dafa, eins og fram kemur í bókunum **Falun Gong** og **Zhuan Falun.**

## Æfingarnar



Falun Gong eflir innri þroska og styrkir hugann. Mjúkar æfingarnar opna orkurásir líkamans og stuðla þannig að líkamlegri hreinsun og styrkja orkuflæðið. Fólk á öllum aldri getur tileinkað sér hreyfingar Falun Gong, sem eru auðlærðar. Æfingarnar eru hvorki bundnar stað né stund, þær er hægt að iðka hvar og hvenær sem er. Engin sérstök öndunartækni tilheyrir æfingakerfinu. Æfingarnar eru einfaldar og falla vel að lífi nútímafólks, en hafa samt sem áður djúpstæð áhrif á þá sem þær stunda. Fólk upplifir innri frið, er endurnært og fyllt orku eftir Falun Gong iðkun.

## Kenningar Falun Dafa




Bókin Zhuan Falun (Að snúa hjóli lögmálsins) eftir Mr. Li Hongzhi, er mikilvægasta og kerfisbundnasta verk Falun Dafa.

Falun Gong er kynningarrit, sem mælt er með fyrir byrjendur.

Báðar þessar bækur má sækja án endurgjalds á internetið með því að fara inn á **www.falundafa.org**. Þær má einnig nálgast í flestum bókaverslunum, þar á meðal í netbókverslunum, með því að hafa samband við Universe Publishing eða með því að leita til sambandsaðila Falun Dafa.

## Þið sem viljið læra

Þið getið lært æfingarnar á æfingastað í nágrenni ykkar! Öll kennsla Falun Gong æfinga er endurgjaldslaus. Sambandsaðila og æfingastaði má finna á:

**www.falundafa.org**

## Ólöglegar ofsóknir og rógur í Kína

Undir lok síðasta áratugar var Falun Dafa orðið geysilega vinsælt meðal kínversks fólks. Iðkendur Falun Dafa þar í landi voru orðin 70-100 milljónir að tölu. Þrátt fyrir hinn friðsamlega kjarna Falun Gong fór kínverski forsetinn samt sem áður að líta á Falun Gong sem ógn við vald sitt. Hann bannaði Falun Dafa í Júlí 1999, og hleypti af stokkunum ofsóknar- og lygaherferð gagnvart öllum sem iðkuðu það. Tugir þúsunda fólks hefur verið tekið til fanga með ólögmætum hætti, pyntað og sent í þrælkunarbúðir. Yfir 1600 manns hafa verið tekin af lífi af Kínversku lögreglunni. Ástandið hefur haft geysivíðtæk áhrif á milljónir fólks sem hafa misst fjölskyldumeðlimi, störf sín og grundvallar frelsi, vegna þess eins að vilja á friðsaman hátt njóta skoðana- og hugmyndafrelsis. Jiang Zemin hefur nú síðast gefið út skipunina „drepið án miskunnar”. Fólk sem pyntað hefur verið til dauða er sagt hafa framið sjálfsmorð.

**Wang Lixuan:** Í Október 2000 voru Wang og 8 mánaða gamall sonur hennar pyntuð til dauða. Á ökklum barnsins voru för eftir handjárn og sár mátti sjá á öllum líkama hans. Þetta er raunverulegt dæmi um stefnu glæpahrings Jiang Zemin sem felur í sér að „það að berja til bana sé talið sjálfsmorð ”.



# SOS!

Áríðandi beiðni til hjálpar ofsóttum Falun Gong iðkendum í Kína

Meira en 1,600 pyntuð til dauða
Meira en 100,000 fangelsuð
Yfir 25,000 send í þrælkunarbúðir
Yfir 1,000 þvinguð inn á geðsjúkrahús

*„Þegar við höfum kynnst starfi Falun Gong, hefur virðing okkar vaxið og við teljum hið hrottafengna, grimmilega og blóðuga bann við ástundun Falun Gong í Kína skelfilegt, óásættanlegt og ámælisvert.”*
-Tom Lantos, varaformaður mannréttindanefndar Bandaríkjaþings.